



Vandað og áhugavert ritverk um skurðlækningar

LÆKNABLAÐINU hefur borist ritverkið **Kirurgisk Kompendium**, en það er gefið út af Nyt Nordisk Forlag Arnold Busck og er ritstýrt af þeim Flemming Stadil prófessor í almennum skurðlækningum, Bjarne Lund prófessor í bæklunarskurðlækningum, báðir við Rigshospitalet í Kaupmannahöfn, og Jörgen Nordling prófessor í þvagfæraskurðlækningum við Herleve sjúkrahúsið í Kaupmannahöfn. Um er að ræða þriðju útgáfu af ritverkinu sem fyrst kom út 1987. Eins og fram kemur í formála að fyrstu útgáfu spratt útgáfa verksins upp úr þörf, en yfirgripsmikið ritverk í almennum skurðlækningum á Norðurlandamáli hefur vantað um alllangt árabíll. Með aukinni sérhæfingu hafa undirgreinar skurðlæknisfræðinnar vaxið sem sérstakar greinar og hafa ritverk þeim tengdar orðið meira áberandi á kostnað ritverka er fjalla um almennar skurðlækningar í heild sinni. Ritverk þetta er talið höfða til allra lækna, læknanema og þeirra er áhuga hafa á handlæknisfræði.

Ritverkið er í tveimur bindum og er hvort bindi um 1000 blaðsíður. Allur texti annarrar útgáfu hefur verið endurskoðaður og endurritaður. Bætt hefur verið við töluverðu af ljósmyndum og teikningum sem eru flestar í lit og má segja að teikningarnar séu óvenju skýrar og lærdómsríkar. Verkið er þannig upp byggt að í fyrri bindi eru almenn atriði er snúa að handlæknisfræði, en fyrir utan kafla er fjallar um sögu handlæknisfræðinnar, eru kaflar eins og mat fyrir aðgerð, svæfingar, vökvagjöf, acceptísk tækni, sár og sárameðhöndlun og svo framvegis. Þessu til viðbótar er í fyrri bindi lögð megináhersla á sjúkdóma og aðgerðir í miðtaugakerfi, brjóstholi, hjarta og æðakerfi, meltingarvegi en einnig eru lýtalækningum gerð skil. Í síðara bindi er áhersla lögð á sjúkdóma og aðgerðir í brisirtli, lifur, nýrum og þvagfærum og stoðkerfi en einnig er vandamálum eins og „acut abdomen“ gerð skil fyrir utan umfjöllun um barnaskurðlækningar. Að auki má finna kafla um sjúkdóma og aðgerðir á höfði og hálsi svo og eru kven-sjúkdómafræði gerð skil, sérstaklega þeim hluta er snertir aðgerðir.



Tvö dæmi um myndskreytingu ritverksins sem er óvenju vönduð og lærdómsrík.

Efnisyfirlit er mjög vel upp byggt og gerir alla leit einfalda. Atriðisorðaskrá er einnig með ágætum og verulega yfirgripsmikil og gefur góðan og hraðan aðgang að textanum. Textinn er byggður á hefðbundinni umfjöllun um sjúkdóma, orsakir þeirra og meðferð en mikil áhersla er lögð á aðgerðartækni. Þar er textinn styrktur með fjölda teikninga og ljósmynda sem eru afar fræðandi og gera lesandanum auðvelt fyrir að átta sig á framkvæmd. Í verkinu er einnig til staðar vandamiðuð nálgun sem er afar áhugaverð.

Eins og áður hefur komið fram er ritverkið á dönsku sem er sérlega aðgengileg til lestrar og ætti ekki að vera til vandræða þeim er hafa grunnundirstöðu í því tungumáli, en leitast hefur verið eftir því að nota „samnorræn orð“ þar sem því er við komið. Hér er um að ræða afar vandað ritverk sem verður að teljast góður valkostur við sambærileg verk rituð á ensku og er hér á ferðinni einhver áhugaverðasta bók sem undirritaður hefur séð um langt árabíll.

Hannes Petersen

Höfundur er háls-, nef- og eyrnalæknir og á sæti í ritstjórn Læknablaðsins.